

Rammasamningur við Hestamannafélagið Hendingu um uppbyggingu á framtíðaraðstöðu fyrir hestaíþróttir í Engidal.

Ísafjarðarbær, kt. 540596-2639 og Hestamannafélagið Hending (hér eftir Hending), kt. 560688-2539, gera með sér svofelldan rammasamning um uppbyggingu á framtíðaraðstöðu fyrir hestaíþróttir í Engidal í framhaldi af samningi Ísafjarðarbæjar og Hestamannafélagsins Hendingar frá XX.XXX 2017. Stefnt er að því að framkvæmdum samkvæmt þessu samkomulagi verði lokið á næstu 7 árum frá undirritun. Gerðir verða sérstakir uppbyggingarsamningar vegna hvers árs fyrir sig þar sem gerð verður grein fyrir framvindu verks og verkþáttum viðkomandi árs endurmetnum með tilliti til verðlags og framvindu. Skal Hending óska eftir framkvæmdaleyfi á grundvelli þessara uppbyggingarsamninga.

1.gr.

Samningurinn tekur til þeirra verkþátta sem hér segir: Gerð 250m hringvallar, 400m kappreiðarvallar, dómshúsa, lýsingar og lagna, áhorfendaaðstöðu, ræsa og skurða, girðinga og gróðurs, bílastæða og frágangs á opnum svæðum í kringum vellina. Stuðst skal við hönnunargögn Verkís frá 2011 (fylgiskjal 1) eins og kostur er og kostnaðaráætlun þeirrar hönnunar frá sama tíma. Samningsaðilar eru sammála um að velja hagkvæmustu leiðir til að fullnusta hvern verkþátt, en þó án þess að það komi niður á gæðum verksins.

Aðilar eru sammála um að Hending vinni að framkvæmdum við uppbyggingu á svæði hestamanna í Engidal samkvæmt eftirfarandi áætlun:

Áform um verkefni ársins 2018:

Nr. 1. Undirbygging Hringvallar.

--- Unnið verði að mótun hringvallar, útsetningu brautar og jarðvegsskipti.

Verkþættir:

Verkþáttur	2018	Upphæð
Útsetning mælipunkta, staðsetning og hæð.	G1.01.	285.000 kr.
Tekið upp úr brautum og fláum, vallarflötur grófjafnaður.	G2.03.	2.715.000 kr.
		3.000.000 kr.

Áætlað framlag Hestamannafélagsins Hendingar í verkþáttum ársins: 2.000.000 kr.

Allar tölur eru framsettar á verðlagi 1 feb. 2018

Áform um verkefni ársins 2019:

Nr. 2. Frágangur á Hringvelli.

---Unnið verði að uppbyggingu neðra burðarlags með ræsum og skurðum, gerð efra burðarlags hringvallar, fláar grófjafnaðir, komið fyrir lýsingu og lagnaleiðum.

Verkbættir:

Verkpáttur	2019	Upphæð
Útsetning mælipunkta, staðsetning og hæð.	G1.01.	285.000 kr.
Neðra burðarlagi keyrt í brautir.	G2.05.	1.285.000 kr.
Grafið fyrir ræsum að stofnskurði.	G2.02.	240.000 kr.
Sett niður ræsi.	G2.11.	2.520.000 kr.
Efra burðarlagi keyrt í brautir.	G2.06.	660.000 kr.
Fláar grófjafnaðir.	G2.08.	1.000.000 kr.
Lagnaleiðir v/ lýsingar.	G4.08.	2.200.000 kr.
		8.190.000 kr.

Áætluð vinna Hestamannafélagsins Hendingar umfram það sem áður var talið er. 3.000.000 kr

Allar tölur eru framsettar á verðlagi 1 feb 2018

Áform um verkefni ársins 2020:

Nr. 3. Uppbygging hlaupabrauta.

---Unnið verði við mótun hlaupabrauta, útsetning brauta, jarðvegsskipti og fláa, ræsi, neðra burðarlag, sett upp grindverk og brautamerkingar, sá í hringvöll innan brautar.

Verkbættir:

Verkpáttur	2020	Upphæð
Útsetning mælipunkta, staðsetning og hæð.	G1.01.	570.000 kr.
Grindverk og brautamerkingar.	G2.01.	2.610.000 kr.
Lýsing hringvelli.	G4.06.	585.000 kr.
Sá grasfræi í innri hring vallar.	G2.10.	660.000 kr.
Tekið upp úr brautum og fláum, völlum grófjafnaður.	G2.03.	3.025.000 kr.
Neðra burðarlag keyrt í brautir.	G2.05.	1.930.000 kr.
		9.380.000 kr.

Áætlað vinna Hestamannafélagsins Hendingar umfram það sem áður var talið er. 3.500.000 kr.

Allar tölur eru framsettar á verðlagi 1 feb 2018

Áform um verkefni ársins 2021:

Nr. 4. Frágangur hlaupabrauta.

---Unnið verði við frágang á efra burðarlagi, frágangi fláa, lagnir v/ lýsingar, lýsingu, og grindverk og merkingu brauta. Grafið fyrir ræsum og skurðum til að veita vatni frá vallarsvæði.

Verkpættir:

Verkpáttur	2021	Upphæð
Útsetning mælipunkta, staðsetning og hæð.	G1.01.	285.000 kr.
Grafið fyrir ræsum og stofnskurð.	G2.02.	475.000 kr.
Sett niður ræsi.	G2.11.	2.610.000 kr.
Efra burðarlagi keyrt í brautir.	G2.06.	975.000 kr.
Lagnaleiðir v/ lýsingar.	G4.08.	1.175.000 kr.
Frágangur fláa.	G2.08.	3.900.000 kr.
		9.420.000 kr.

Áætluð vinna Hestamannafélagsins Hendingar umfram það sem áður var talið er. 3.000.000 kr.

Allar tölur eru framsettar á verðlagi 1 feb 2018

Áform um verkefni ársins 2022:

Nr. 5 Lok á frágangi valla.

---Unnið verði við að setja grindverk og brautamerkingar á hlaupabraut, ganga frá ræsum, setja efsta finefni á brutir, frágangur göngustiga, sáning í rofin svæði.

Verkpættir:

Verkpáttur	2022	Upphæð
Útsetning mælipunkta, staðsetning og hæð.	G1.01.	100.000 kr.
Grindverk og brautamerkingar.	G2.01.	4.830.000 kr.
Endafrágangur ræsa.	G2.12.	385.000 kr.
Lýsing.	G4.07.	1.565.000 kr.
Fínefni sett á brautir.	G2.07.	800.000 kr.
Nýsáning í rofin svæði.	G2.10.	1.000.000 kr.
Sá grasfræi í frágengin svæði	G2.10.	600.000 kr.
		9.280.000 kr.

Áætluð vinna Hestamannafélagsins Hendingar umfram það sem áður var talið er. 3.500.000 kr.

Allar tölur eru framsettar á verðlagi 1 feb 2018

Áform um verkefni ársins 2023:

Nr. 6. Bygging dómshúss og dómaraskýla.

---Unnið verður við að koma upp húsi fyrir dómara og vallardómara. Gera þarf veg að dómshúsi.

Verkþættir:

Verkþáttur	2023	Upphæð
Fyllingarefni undir hús og veg.	G2.04.	1.320.000 kr.
Göngustígar milli dómshúss og bílastæðis.	G2.04.	1.320.000 kr.
Dómarahús.	G5.01	9.800.000 kr.
Sáð grasfræi í frágengin svæði.	G2.10.	350.000 kr.
		12.790.000 kr.

Áætluð vinna Hestamannafélagsins Hendingar umfram það sem áður var talið er. 3.000.000 kr.

Allar tölur eru framsettar á verðlagi 1 feb 2018

Áform um verkefni ársins 2024:

Nr. 7. Bygging manar sem áhorfendastæði og endanlegur frágangur lóðar.

Verkþættir:

Verkþáttur	2024	Upphæð
Fylling í mön.	G3.01.	2.440.000 kr.
Frágangur fláa manar.	G3.02.	890.000 kr.
Fláar þaktir með torfi.	G3.03.	5.700.000 kr.
		9.030.000 kr.

Áætluð vinna Hestamannafélagsins Hendingar umfram það sem áður var talið er. 2.000.000 kr.

Allar tölur eru framsettar á verðlagi 1 feb 2018

Þá eru ótaldir verkþættir sem snúa að gerð bílastæða meðfram stofnbraut, við vellina og frágangur gróðurs sem snýr að þeim framkvæmdum. Þetta eru verkliðir G4.01-G4.02-G4.03-G4.04 og G2.09.

Samningsaðilar eru sammála um að eðlilegt sé að þeir verði unnir samhliða lagningu stofnbrautar.

Hestamannafélagið Hending leggur til umsjón, hönnun og verkstjórn, svo og kostnað við undirbúning og annan verkkaupakostnað, en að framan greinir og leitast við að ekki verði tafir eða aukakostnaður sem falli á verkið af þeim sökum.

2.gr.

Hending sér til þess að allt umhverfi sé ávallt til fyrirmyndar meðan á framkvæmdum stendur. Hending ber ábyrgð á að afla tilskilinna leyfa fyrir framkvæmdum sem af þessu samkomulagi leiða.

3. gr.

Ísafjarðarbær mun samkvæmt nánara samkomulagi í uppbyggingarsamningum greiða framlag til þeirra framkvæmda sem þessi rammasamningur nær til. Skal 70% árlegrar fjárhæðar greitt eigi síðar en 1. maí. Síðari hluti árlegrar fjárhæðar, eða 30%, verður greiddur eftir úttekt við verklok. Verklok skulu vera tilkynnt í síðasta lagi 1. desember viðkomandi árs með lokaskýrslu og sundurliðuðu yfirliti um kostnað ásamt afriti reikninga. Þegar fulltrúi Ísafjarðarbæjar hefur staðfest að framlag Hendingar til verkefnisins sé fullnægjandi verður síðari hluti fjárhæðarinnar greiddur. Ef framkvæmdir skv. viðkomandi uppbyggingarsamningi hefjast ekki verða þær greiðslur sem inntar hafa verið af hendi afturkræfar.

4. gr.

Umhverfis- og eignasvið Ísafjarðarbæjar hefur eftirlit með verkinu og sér um samskipti fyrir hönd Ísafjarðarbæjar. Sviðstjóri hefur eftirlit með að umgengni sé ásættanleg og að verkefninu sé eðlilega sinnt. Formaður Hendingar ber ábyrgð á framkvæmdum skv. 1. grein gagnvart Ísafjarðarbæ.

5. gr.

Samningur þessi var samþykktur í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar XX.XX.XX. Rísi mál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Vestfjarða á Ísafirði. Samningur þessi er í tvíriti og undirritaður í votta viðurvist. Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum, eitt handa hvorum samningsaðila.

Ísafirði, _____ 2018

F.h. Ísafjarðarbæjar

F.h. Hestamannafélagsins Hendingar

Gísli Halldór Halldórsson

Marínó Hákonarson

Vottar að rétttri dagsetningu og undirritun:

Nafn

Kennitala

Nafn

Kennitala